

	Vélar og tæknilegur búnaður Eldri vélar - frá 1996 og fyrr Vinnuumhverfisvísir	Nr. skjals: VSÁFE03 Útgáfunr.: 2 Dags: 12.2. 2010 Höf.: HH Ábyrgðarm: HH Bls. 3
---	--	--

Vélar framleiddar 1996 og fyrr og notkun þeirra á vinnustöðum

Þessi vinnuumhverfisvísir gildir um vélar og búnað framleiddan 1996 og fyrr sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um og notkun þessa búnaðar á vinnustöðum. Gildir jafnframt um búnað til einkanota sé ekki fjallað um hann í öðrum lögum eða reglugerðum. Sjá reglur nr. 492/1987 um öryggisbúnað véla og reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja.

Varðandi nýrri vélar, framleiddar 1997 og síðar, er bent á vinnuumhverfisvísi fyrir nýrri vélbúnað sem byggir á reglugerð um vélar og tæknilegan búnað nr. 1005/2009 og reglugerð um notkun tækja nr. 367/2006.

Efnisþáttur – atriði	Viðmið - athugasemdir	Mat: V: Í lagi X: Ekki í lagi 0: Á ekki við	Tilvísun:
1. Áhættumat	Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gert sé áhættumat á vinnustaðnum þar sem búnaðurinn er notaður.		Rg-367/2006, 4. gr. Rg-920/2006
2. Skriflegar leiðbeiningar og þjálfun starfsmanna	Nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku um notkun, meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang skulu fylgja með vél þegar hún er afhent. Atvinnurekandi skal veita nauðsynlegar upplýsingar um notkun tækja og sjá til þess að starfsmenn fái kennslu og þjálfun til að geta sinnt sínum störfum þannig að ekki stafi hættu af.		R-492/1987, 28. gr. og Lb um V. kafla. Rg-367/2006, 7. og 8. gr.
3. Innra eftirlit fyrirtækis með tækjum og búnaði	Atvinnurekandi skal þegar við á sjá til þess að tæki séu skoðuð eftir uppsetningu. Jafnframt skulu gerðar reglulegar skoðanir og prófanir til að tryggja öryggi við notkun þeirra. Auk þess skulu gerðar skoðanir eftir slys, óhöpp eða breytingar. Skoðanirnar skulu framkvæmdar af aðila sem hefur til þess næga þekkingu. Halda skal skrá um niðurstöður skoðana á tækjabúnaði við uppsetningu.		Rg-367/2006, 10. gr.
4. Almenn ákvæði	Vél skal vera þannig byggð og úr garði gerð að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta með tilliti til flutnings, uppsetningar, notkunar og viðhalds hennar. Ef nauðsyn krefur skal hún búin sérstökum öryggisbúnaði. Atvinnurekandi skal tryggja að búnaðurinn hæfi því verki sem inna skal af hendi þannig að öryggi og heilsu sé ekki hættu búin.		R-492/1987, 3. gr. og Lb um II. kafla Rg-367/2006, 5. gr.
5. Sérstök áhætta	Þegar ekki er að fullu hægt að tryggja að starfsmenn geti notað tæki án áhættu skal atvinnurekandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr henni eins og kostur er. Þegar líkur eru á að notkun tækis hafi í för með sér sérstaka áhættu fyrir öryggi eða heilsu skal atvinnurekandi tryggja að notkun tækis, sé einungis á hendi starfsmanna sem falin hefur verið notkun þess og hlotið hafa viðeigandi þjálfun. Umhirða og viðhald sé á hendi þeirra starfsmanna sem sérstaklega eru þjálfaðir til þess.		Rg-367/2006, 5. og 6. gr. Rg-920/2006, 25. gr.
6. Öryggisráðstafanir	Hlífabúnaður, fjarlægðir að hættusvæði, klemmivarnir, lok, lúgur, opnanlegur hlífabúnaður, ljósnemavörn, færanlegar hlífar o.fl.		R-492/1987, 4. gr. og Lb um II. kafla
7. Ytri lögum	Ytri lögum vélar skal vera þannig að hún orsaki hvorki slys né hafi í för með sér hættu á heilsutjóni. Aðgengilegir hlutar vélar skulu, eins og framast er kostur, vera þannig að lögum að þeir séu án hvassra kanta, horna eða þröngra bila sem geta haft í för með sér slyshættu.		R-492/1987, 5. gr. og Lb um II. kafla

8. Stöðugleiki	Vél skal vera þannig gerð eða fest að hún geti ekki oltið eða hreyfst og þannig skapað slyshættu.		R-492/1987, 6. gr. og Lb um II. kafla
9. Vinnuaðstaða	Vél skal vera þannig gerð og komið fyrir að vinnuaðstaða og vinnuhreyfingar starfsmanna hafi ekki í för með sér slyshættu eða valdi heilsutjóni.		R-492/1987, 7. og 17. gr. og Lb um II. kafla
10. Stjórnbúnaður	Staðsetning og líkamsbeiting, gangsetningar- og stöðvunarbúnaður, neyðarstöðvunarbúnaður, haldrofar o.fl.		R-492/1987, 8. gr. og Lb um II. kafla
11. Sjálfvirkar vélar	Vél, sem er sjálfvirk eða hefur sjálfvirkan búnað, skal m.a. hafa eftir því sem nauðsyn krefur: <ul style="list-style-type: none"> • Stöðvunarbúnað sem stöðvar hana á öruggan hátt • Neyðarstöðvunarbúnað • Búnað sem aftengir sjálfstýringu • Sérstakan handstýrðan búnað 		R-492/1987, 9. gr. og Lb um II. kafla
12. Mæla- og viðvörunarbúnaður	Mæla- og viðvörunarbúnaður, sem nauðsynlegur er til eftirlits og stjórnunar skal vera áreiðanlegur og auðskiljanlegur.		R-492/1987, 10. gr. og Lb um II. kafla
13. Neyðarstöðvun	Þegar nauðsyn krefur skal vél vera útbúin neyðarstöðvunarbúnaði. Neyðarstöðvunarrofi skal vera rauður að lit og staðsettur þannig að hann sjáist vel og auðvelt sé að ná til hans. Endurtekna gangsetningu skal aðeins vera hægt að framkvæma með hinum venjulega gangsetningarbúnaði.		R-492/1987, 3. gr. og 11. gr. og Lb um II. kafla
14. Hemlabúnaður	Vél, sem getur haldið áfram að ganga og skapað hættuástand þrátt fyrir að aflyfjarsla til hennar sé rofin, skal útbúin með hentugum hemlabúnaði.		R-492/1987, 12. gr. og Lb um II. kafla
15. Aldurs-takmarkanir	Ungmennir undir 18 ára aldri mega ekki vinna við hættulegar vélar.		Rg-426/1999 um vinnu barna og unglinga. VIÐAUKI 1A
16. Vinna við hættulegar aðstæður	Þegar nauðsyn krefur að unnið sé tímabundið við vél við hættulegar aðstæður skal gera sérstakar öryggisráðstafanir.		R-492/1987, 13. gr. og Lb um II. kafla
17. Orkugjafar	Allur búnaður véla fyrir geymslu og flutning orku og orkugjafa skal vera þannig gerður og uppsettur að hann, eins og framast er kostur, skapi hvorki slyshættu né óhollustu.		R-492/1987, 14. gr. og Lb um II. kafla
18. Rafbúnaður	Allur rafbúnaður véla skal vera samkvæmt gildandi reglum um raforkuvirki, eins og þær eru á hverjum tíma.		R-492/1987, 15. gr. og Lb um II. kafla
19. Loft- og vökva-þrýstibúnaður	Taka skal m.a. sérstaklega tillit til eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> • Að þrýstingur fari ekki yfir leyfileg mörk • Að þrýstingsfall skapi ekki hættuástand • Að útstreymi lofttegunda eða vökva skapi ekki hættuástand • Að búnaður sé tryggilega varinn gegn utanaðkomandi álagi 		R-492/1987, 16. gr. og Lb um II. kafla
20. Aðbúnaður vegna reglubundinnar þjónustu og viðhalds	Til þess að tryggja að reglubundin þjónusta og viðhald verði sem hættuminnst skal koma fyrir við vélar nauðsynlegum vinnuþöllum, gönguleiðum, tröppum, handriðum og öðrum búnaði sem við á hverju sinni.		R-492/1987, 17. gr. og Lb um II. kafla

21.Flutningur	Vél skal vera hægt að flytja með öruggum hætti. Ef nauðsyn krefur skal hún hafa sérstakan festibúnað fyrir flutning. Festibúnaður skal vera nægilega sterkur og þannig staðsettur að vélin valdi ekki slyshættu þegar hún er hreyfð.		R-492/1987, 18. gr. og Lb um II. kafla
22.Staðsetning	Staðsetning véla skal vera þannig að þjónusta, gæsla og viðhald á henni geti farið fram án slyshættu og óhollustu.		R-492/1987, 19. gr. og Lb um III. kafla
23.Undirstöður og festingar	Undirstöður og festingar vélar skulu vera þannig að vélin sé stöðug, tryggilega fest og valdi ekki ónauðsynlegum hávaða eða titringi.		R-492/1987, 20. gr. og Lb um III. kafla
24.Uppsetning og viðhald	Vél skal vera þannig gerð að uppsetning, viðhald og viðgerð á henni geti farið fram án slyshættu eða óhollustu. Meginregla skal vera sú að vél sé stöðvuð meðan slík vinna fer fram.		R-492/1987, 21. gr. og Lb um III. kafla
25.Lýsing	Lýsing eða birta á vinnusvæði umhverfis vél skal vera nægjanleg og ekki valda ofbirtu eða endurkasti.		R-492/1987, 22. gr. og Lb um IV. kafla
26.Hávaði og titringur	Framleiðendur skulu tryggja að hávaði frá vél sé eins lítill og mögulegt er. Farið skal eftir gildandi reglum um hávaðavarnir. Vél skal ekki valda hættulegum titringi.		R-492/1987, 23. gr. og Lb um IV. kafla
27.Hiti og raki	Vél skal vera þannig gerð og uppsett að hiti, raki, blástur eða sog frá henni skapi ekki óhollustu eða slyshættu.		R-492/1987, 24. gr. og Lb um IV. kafla
28.Hættuleg efni og lofttegundir	Hættuleg efni eða lofttegundir frá vél mega ekki skapa óhollustu, mengun eða slyshættu. Ef ekki er fullnægjandi hreinsibúnaður á vél skal setja á hana afsogsbúnað.		R-492/1987, 25. gr. og Lb um IV. kafla
29.Geislun	Vél, sem notar eða gefur frá sér geislavirk efni eða geislun, skal vera þannig gerð og einangruð að hún valdi hvorki óhollustu né slysa-/ lífshættu. Fara skal eftir gildandi reglum um geislavarnir.		R-492/1987, 26. gr. og Lb um IV. kafla
30.Eld- og sprengihætta	Vél skal eins og framast er kostur vera þannig gerð og notuð að hún valdi ekki eld- eða sprengihættu. Ef vél getur skapað eld- eða sprengi-hættu skal gera kröfur varðandi gerð hennar og frágang skv. gr. 27.2.		R-492/1987, 27. gr. og Lb um IV. kafla
31.Merking	Vél skal vera greinilega og varanlega merkt framleiðanda. Sé um innflutta vél að ræða skal hún einnig merkt nafni og heimilisfangi þess sem flytur hana inn eða merkt á annan þann hátt að auðvelt sé að komast að raun um hver framleiðandi eða innflytjandi hennar er. Nauðsynlegar upplýsingar skulu jafnframt koma fram á vélinni.		R-492/1987, 28. gr. og Lb um V. kafla

Sjá nánar varðandi kröfur til véla og tækjabúnaðar í viðaukum ofangreindra reglna nr. 492/1987 og reglugerðar nr. 367/2006.